


Athugasemd til Morgunblaðsins og Þjóðviljans.



Vegna óljóss frétt aflutnings Morgunblaðsins og Þjóðviljans af samningaviðræðum minnihlutans í borgarstjórn, viljum við undirritaðar taka fram eftirfarandi:

Hvorki Morgunblaðið né Þjóðviljinn hafa leitað til okkar um fréttir af samningaviðræðum minnihlutans í borgarstjórn. Þessi dagblöð hafa heldur ekki gefið okkur kost á að stöðfesta né bera til baka óljósar fréttir sínar.

Alþýðubandalagið hefur ekki gert Kvennaframboðinu nokkurt samningstilboð né óskað eftir sérstökum viðræðum við það. Það eina sem við höfum heyrt frá Alþýðubandalaginu í þessu sambandi er ósk þess um að eiga aðild að sameiginlegu framboði minnihlutans til tveggja og þriggja manna nefnda borgarstjórnar. Þessi ósk var hins vegar bundin því skilyrði að Alþýðubandalagið léti ekki af hendi nokkurt sæti í fimm og sjö manna nefndum.

Gagnvart Kvennaframboðinu lítur þetta þannig út, að Alþýðubandalagið fer fram á einhliða stuðning Kvennaframboðsins við sína fulltrúa í tveggja og þriggja manna nefndir, en hafnar því algjörlega að láta nokkuð af hendi við Kvennaframboðið í staðinn. Slíkt eru afarkostir en ekki samningstilboð.

Eina aðgengilega samningstilboðið sem Kvennaframboðinu barst var frá Framsóknarflokki og Alþýðuflokki. Kvennaframboðið gekk að því tilboði með þeim fyrirvara að það yrði samþykkt af félagsfundi, vegna þess að það tryggði aðild Kvennaframboðs að mikilvægum nefndum og ráðum en ekki vegna þess að um málefnalega samstöðu væri að ræða. Málefnaleg samstaða Kvennaframboðs og stjórnsmálaflokka mun væntanlega ráðast af afstöðu til mála hverju sinni og engu öðru. Á slíka samstöðu hefur enn ekki reynt.

Ludvík Þjóðdóttir
Ónólfur Sölvur Gísladóttir